

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Bíldudals.

1. gr.

Árlegur vatnsskattur.

Heimilt er að leggja á árlegan vatnsskatt allt að 0,44% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, þó skal gjaldið aldrei vera lægra en kr. 150,00.

Gjaldskrá þessa má hækka eða lækka um allt að 50%.

2. gr.

Aukavatnsskattur.

Sé vatn notað til annars en heimilisnotkunar, skal vatn selt eftir mæli kr. 0,04 pr. m³ vatns, en sé vatn ekki selt eftir mæli skal greiða af fasteignamatsverði húsa árlegan vatnsskatt 1,2%.

3. gr.

Vatnssala samkvæmt uppsettum mæli.

Fyrir hvern rúmmetra vatns skal greiða kr. 0,04.

4. gr.

Vatnssala til skipa.

Fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 0,40, lágmark kr. 5,00. Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu skal greidd sérstök þóknun, miðað við tímakaup.

5. gr.

Tengigjöld.

Tengigjald skal greitt eftir fasteignamatsverði, kr. 0,14 pr. m³ að 2000 m³, en síðan kr. 0,09 pr. m³.

6. gr.

Enduropnun heimæða.

Gjald fyrir enduropnun heimæða skal vera minnst kr. 10,00 og aldrei lægra en útlagður sannanlegur kostnaður.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Bíldudals nr. 32 27. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.